



Innkaupareglur

Útg.dagur 14.09.2021

Útg.nr.: 1 Samp.: SIÓ

Starfsmenn skólans í neðangreindum störfum hafa heimild til að kaupa og panta vörur og/eða þjónustu í nafni FVA:

Aðstoðarskólameistari

Deildarstjórar í verknámi

Fjármálastjóri

Umsjónarmaður fasteigna

Matráður

Skólameistari

Skólaritari

Umsjónarmaður bókasafns og upplýsingamiðstöðvar

Umsjónarmaður tölvukerfis

Aðrir starfsmenn hafa ekki heimild til innkaupa nema í sérstökum tilfellum og þá skal það gert í samráði við innkaupa-, fjármálastjóra eða skólameistara.

Fjölbrautaskóli Vesturlands vinnur markvisst að því að gera rekstur sinn umhverfisvænni og minnka þannig umhverfisáhrif opinberra innkaupa. Mikilvægt er að starfsmenn tileinki sér vistvæn innkaup og kynni sér rammameninga, umhverfismerkin og lífrænar vottanir.

Fyrir innkaup þarf að íhuga vel hvort megi nýta betur það sem til er, samnýta, fresta innkaupum eða gera við það sem bilað er.

Starfsmenn sem hafa heimild til að kaupa og panta vöru eða þjónustu í nafni FVA fá fræðslu frá innkaupastjóra um hvernig kaupum á vörum og þjónustu á vegum skólans skal vera háttað.

Öll innkaup umfram 40.000 kr. þurfa samþykki umsjónarmannsfasteigna/fjármálastjóra?.

Leitast skal við að hafa pantanir skriflegar. Ef vara er pöntuð gegnum síma eða farið er á staðinn þá skal óska eftir því að fram komi á reikningi hver pantar og fyrir hvaða deild og beðið um að það fylgi reikningnum.

Skólaritari færir reikninga inn í Oracle bókhaldskerfi.

Innkaupaaðilar þurfa svo að samþykkja reikninga sem þeim tilheyra í rafrænu samþykktarkerfi Oracle.

Skólameistari þarf að samþykkja alla reikninga og fjármálastjóri sér um að greiða reikninga.

14. september 2021

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari